ÖRYGGISBLAÐ

MOBIL GARDEN OIL 4T

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni

Vöruheiti : MOBIL GARDEN OIL 4T

Lýsing á vöru : Grunnolía og viðbótarefni

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkun : Vélaolía

Notkun sem ráðið er frá : Ekki er mælt með annarri notkun þessarar vöru til iðnaðar, fagmanna eða til neytanda en sem tilgreind hefur verið hér að ofan.

1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Birgir : ExxonMobil Petroleum & Chemical BV
POLDERDIJKWEG
Antwerpen B-2030 Belgium

Samband við birgðasala : (CZ) +420 221 456 426

tölvupóstfang þess aðila sem er ábyrgur fyrir þessu öryggisblaði : SDS-DS@exxonmobil.com

Veffang öryggisblaðs : www.sds.exxonmobil.com

1.4 Neyðarsímanúmer

Ráðgjafarnefnd/ Eitrunarmiðstöð : 543 2222

Neyðarsími með sólarhringsvakt : +354 539 0655 / +1-703-527-3887 (CHEMTREC)

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

Skilgreining á vöru : Efnablanda

Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Óflokkað.

Varan telst ekki hættuleg samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008 með síðari breytingum.

Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

2.2 Merkingaratriði

Viðvörunarorð : Ekkert viðvörunarorð.

H-Setningar : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

Varnaðarsetning

Til að fyrirbyggja : Á ekki við.

Viðbrögð : Á ekki við.

Geymsla : Á ekki við.

Förgun : Á ekki við.

Aðrir hlutar merkimiða : Á ekki við.

2. LIÐUR: Hættugreining

XVII. viðauki - Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, markaðssetningu og notkun tiltekinna hættulegra efna, efnablandna og hluta : Engin.

2.3 Aðrar hættur

Varan uppfyllir skilyrði um PBT eða vPvB skv. reglugerð (EB) nr. 1907/2006, viðauka XIII : Þessi blanda inniheldur ekki þrávirk, eitruð efni sem safnast fyrir í lífverum (PBT) eða mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB).

Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar : Ekki þekkt.

Athugið : Efni þetta má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en upphaflegum samkvæmt lið 1 án þess að ráfæra sig við sérfræðing. Rannsóknir á heilsufari hafa sýnt að nánd við efnið getur valdið heilsutjóni hjá mönnum. Áhrif efnisins á heilsu manna geta verið einstaklingsbundin.

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.2 Blöndur : Efnablanda

Vara/heiti innihaldsefnis	Auðkenni	% af þyngd	Flokkun	Sértæk styrkleikamörk, margföldunarstuðlar og matsgildi bráðra eiturhrifa	Gerð
sink bis[o-(6-metýlheptýl)] bis[o-(afleitt-bútýl)] bis (díþíófosfat)	REACH #: 01-2119543726-33 EB: 298-577-9 CAS: 93819-94-4	<2.5	Skin Irrit. 2, H315 Eye Dam. 1, H318 Aquatic Chronic 2, H411 **Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.**	Skin Irrit. 2, H315: C ≥ 6.25% Eye Dam. 1, H318: C ≥ 12.5% Eye Irrit. 2, H319: 10% ≤ C < 12.5%	[1]

Það eru engin viðbótar innihaldsefni til staðar sem, samkvæmt núverandi þekkingu birgis og í þeim styrkleika sem um er að ræða, eru flokkuð sem hættuleg heilsu eða umhverfi, eru PBT eða vPvB eða sem eru með skilgreind váhrifamörk á vinnustað (vinnuverndarmörk) og sem þarf þessvegna að tilkynna um í þessum kafla.

Gerð

[1] Efni sem er flokkað sem hættulegt líkama, heilsu eða umhverfi

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við, eru listuð upp í kafla 8.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

Snerting við augu : Skolið strax augu með miklu vatni og lyftið efra og neðra augnloki öðru hvoru. Athugið og fjarlægið allar snertilinsur. Leitið læknis ef erting kemur fram.

Innöndun : Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið læknis ef einkenni koma fram.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

Snerting við húð : Skolið húð sem hefur óhreinkast af efninu með nægu vatni. Fjarlægja skal föt og skó sem óhreinkast af efninu. Leitið læknis ef einkenni koma fram. Ef efninu er sprautað í eða undir húð eða í einhvern hluta líkamans, skal strax leyta álits hjá lækni á neyðarmóttöku skurðdeildar, óháð stærð eða útliti sársins. Þó að upphafleg einkenni séu lítil eða engin getur meðferð á skurðdeild á fyrstu klukkutímunum haft veruleg áhrif til minnkunar sársins.

Inntaka : Skolið munn með vatni. Ef efnið hefur verið tekið inn og viðkomandi er með meðvitund, skal gefa lítið magn af vatni að drekka. Ekki skal framkalla uppköst nema samkvæmt ráðleggingum heilbrigðisstarfsfólks. Leitið læknis ef einkenni koma fram.

Persónuhlífar skyndihjálparfólks : Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni/merki um of mikil váhrif

Snerting við augu : Engar sértækar upplýsingar.

Innöndun : Engar sértækar upplýsingar.

Snerting við húð : Staðbundið vefjadrep sem sannast af síðbúnum sársauka og eyðilegging vefja nokkrum klukkustundum eftir inngjöf.

Inntaka : Engar sértækar upplýsingar.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Athugasemdir ætlaðar lækni : Meðhöndlið samkvæmt einkennum. Hafið strax samband við sérfræðing í eitrunum ef stórir skammtar hafa verið teknir inn eða andað inn.

Sérstök meðhöndlun : Engin sértæk meðferð.

Sjá upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif (kafli 11)

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður

Viðeigandi slökkvibúnaður : Notið þurrt efnaduft, CO_2, vatnsúða (þoku) eða froðu.

Óhentugur slökkvibúnaður : Notið ekki vatnsháþrýstidælu.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sértækar hættur sem skapast vegna efnisins : Við eldsvoða eða upphitun mun þrýstingur aukast hratt og ílátið getur sprungið.

Hættuleg brennanleg vara : Aldehýð, myndefni sem ekki brenna að fullu, Oxíð af kolefni, Reykur, gufa, brennisteinsdíoxíð

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Sérstakar varnaraðgerðir fyrir slökkviliðsmenn : Notið venjulegar verklagsreglur við slökkvistarf og hafið hættuna af öðru efni í huga. Einangrið slysstað umsvifalaust með því að fjarlægja alla aðila burt af slysstað ef eldur er laus. Tryggið langan tíma til kælingar til þess að koma í veg fyrir að það kvikni aftur í. Komið í veg fyrir að mengað vatn sem notað er til þess að slökkva eldinn komist í ár, ræsi eða drykkjarvatn. Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram.

Sérstakan hlífðarbúnað fyrir slökkviliðsmenn : Slökkviliðsmenn skulu klæðast viðeigandi hlífðarbúnaði og nota fersloftsgrímu eða öndunartæki með samþjöppuðu súrefni (SCBA) og skal tækið tengt heilgrímu sem er undir jákvæðum þrýstingi.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

TILKYNNINGARFERLI

Ef upp kemur leki eða óviljandi losun efnisins, tilkynnið öllum viðeigandi yfirvöldum í samræmi við lög og reglugerðir .

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðarþjónustu : Engin aðgerð skal framkvæmd sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram. Rýma skal nærliggjandi svæði. Haldið ónauðsynlegum og óvernduðum starfsmönnum fjarri. Ekki snerta eða ganga í gegnum efnaleka. Notið viðeigandi hlífðarbúnað.

Fyrir bráðaliða : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í kafla 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í kaflanum „Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðarþjónustu“.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins : Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi. Ef varan hefur valdið umhverfismengun (í niðurföllum, vatnaleiðum, jarðvegi eða andrúmslofti) ber að tilkynna það til viðeigandi yfirvalda.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Lítill leki : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Þynnið með vatni og þurrkið upp með moppu ef efnið er vatnsleysanlegt. Ef efnið leysist ekki í vatni, skal ísoga það með óvirku þurru efni og setja í viðeigandi ílát til förgunar. Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um.

Mikill leki : Hindrið leka ef því fylgir engin áhætta. Fjarlægja skal ílát frá lekasvæði. Hindra skal að efnið berist í ræsi, vatnaumhverfi, kjallara eða inn í lokuð rými. Hreinsið leka í skólphreinsistöðvum eða framkvæmið eftirfarandi. Afmarkið og safnið efnalekanum saman með óbrennanlegu, aðsogandi efni t.d. Sandi, jarðefni, vermikúlít eða kísilgúr og setjið í ílát til förgunar samkvæmt svæðisbundnum reglum (sjá kafla 13). Förgun sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Lokið efnalekann samstundis af með bómu. Fjarlægið frá yfirborði með því að fleyta af eða með viðeigandi aðsogandi efni. Leitið ráða hjá sérfræðingum áður en dreifingarefni eru notuð. Gerið öðrum sjófarendum viðvart. Ath: sjá kafla 1 fyrir upplýsingar um neyðaraðstoð og kafla 13 fyrir förgun úrgangs.

Viðbrögð við leka í vatn eða jarðveg eru byggð á líklegustu aðstæðum fyrir viðkomandi efni. Landfræðilegar aðstæður, vindur, hitastig, (og í tilfelli leka í vatn) öldugangur og straumstefna og -hraði geta haft mikil áhrif á viðeigandi viðbrögð. Samráð skal því ávalt haft við sérfræðinga á staðnum. Athugið: Reglugerðir á hverjum stað geta haft áhrif á leyfileg viðbrögð.

6.4 Tilvísun í aðra liði : Nánari tengiliðaupplýsingar fyrir neyðarþjónustu er að finna í kafla 1.
Nánari upplýsingar um viðeigandi hlífðarbúnað er að finna í kafla 8.
Frekari upplýsingar um meðhöndlun úrgangs er að finna í kafla 13.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna fáanlegar og sértækar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varúðarráðstafanir : Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá Kafla 8). Forðist snertingu við notaða vöru.

Leiðbeiningar um almennt hreinlæti á vinnustöðum : Að borða, drekka og reykja skal vera bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Starfsmenn skulu þvo hendur og andlit áður en þeir borða, drekka eða reykja. Afklæðist menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en farið er inn á svæði þar sem matar er neytt. Frekari upplýsingar um hreinlætisráðstafanir er að finna í kafla 8.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

Safnar upp stöðurafmagni : Stöðurafmagn getur safnast upp í efninu. Að jafnaði er litið svo á að vökvar leiði ekki rafmagn og safni upp statískri hleðslu ef leiðnin er fyrir neðan 100 pS/m (100x10E-12 Siemens per meter) og leiði rafmagn að hluta til ef leiðnin er fyrir neðan 10,000 pS/m. Hvort sem vökvinn leiði ekki rafmagn eða leiði rafmagn að hluta til þarf að gera sömu varúðarráðstafanir. Fjöldi þátta, svo sem hitastig vökvans, viðurvist mengunar, and-statísk viðbótarefni og síun geta haft mikil áhrif á leiðni vökva.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymist í samræmi við lög og reglugerðir. Geymið í upprunalegum umbúðum varið beinu sólarljósi á þurrum köldum og vel loftræstum stað, fjarri ósamrýmanlegum efnum (sjá kafla 10) og mat og drykk. Haldið ílátum þétt lokuðum og innsigluðum þangað til þau eru tilbúin til notkunar. Ílát sem hafa verið opnuð verður að innsigla aftur vandlega og halda þeim uppréttum til að koma í veg fyrir leka. Geymið ekki í ómerktum ílátum. Notið viðeigandi umbúnað/umbúðir til að forðast mengun umhverfisins. Sjá kafla 10 til að fá upplýsingar um ósamrýmanleg efni fyrir meðhöndlun eða notkun.

7.3 Sértæk, endanleg notkun

Ráðleggingar : Ekki fyrirliggjandi.

Sérstakar úrlausnir í iðnaði : Ekki fyrirliggjandi.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Upplýsingar eru veittar samkvæmt dæmigerðri áætlaðri notkun vörunnar. Viðbótar ráðstafana gæti verið krafist vegna meðhöndlunar búlka eða vegna annarrar notkunar sem gæti aukið umtalsvert váhrif starfsmanna eða váhrif almennt eða losun út í umhverfið.

8.1 Takmörkunarfæribreytur

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

Vara/heiti innihaldsefnis	Viðmiðunarmörk fyrir váhrif
mjög vatnsmeðhöndluð þung paraffín eimuð efni	**Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 11/2023) [Olíuþoka, steinefnaolíuagnir]** TWA 8 klukkustundir: 1 mg/m³. Form efnisins: agnir. **ACGIH TLV (Bandaríkin, 1/2024) [Mineral Oil, pure, highly and severely refined]** TWA 8 klukkustundir: 5 mg/m³. Form efnisins: Innöndunarbært hlutfall.
Eimi (úr jarðolíu), hreinsuð með leysi, létt, paraffínsk	**Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 11/2023) [Olíuþoka, steinefnaolíuagnir]** TWA 8 klukkustundir: 1 mg/m³. Form efnisins: agnir. **ACGIH TLV (Bandaríkin, 1/2024) [Mineral Oil, pure, highly and severely refined]** TWA 8 klukkustundir: 5 mg/m³. Form efnisins: Innöndunarbært hlutfall.
Eimi (úr jarðolíu), vaxsneydd með leysi, þung, paraffínsk	**Velferdarráðuneytið, Mengunarmarkaskrá (Ísland, 11/2023) [Olíuþoka, steinefnaolíuagnir]** TWA 8 klukkustundir: 1 mg/m³. Form efnisins: agnir. **ACGIH TLV (Bandaríkin, 1/2024) [Mineral Oil, pure, highly and severely refined]** TWA 8 klukkustundir: 5 mg/m³. Form efnisins: Innöndunarbært hlutfall.

ATHUGIÐ: Birt viðmiðunarmörk/staðlar eru aðeins leiðbeinandi. Farið að gildandi reglugerðum.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

Ráðlagðar verklagsreglur um vöktun : Vísa skal til eftirlitsstaðla, til að mynda eftirfarandi: Evrópustaðall EN 689 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun fyrir íðefnum til að bera saman við viðmiðunarmörk og mælingaraðferð) Evrópustaðall EN 14042 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Leiðbeiningar um innleiðingu og notkun á verklagsefnum til að meta váhrif gagnvart íðefnum og líffræðilegum áhrifavöldum) Evrópustaðall EN 482 (Andrúmsloft á vinnustöðum - Almennar kröfur um afköst verklagsreglna til að mæla íðefni) Einnig er krafist tilvísunar til leiðbeininga í hverju landi fyrir sig varðandi aðferðir til að meta hættuleg efni.

DNEL/DMEL-gildi

Engin DNEL/DMEL-gildi tiltæk.

PNEC (Predicted No-Effect Concentration)

Engin PNEC-gildi tiltæk.

8.2 Váhrifavarnir

Viðeigandi tæknilegt eftirlit : Góð almenn loftræsting á að duga til að stjórna váhrifum á starfsmenn vegna loftborinnar mengunar.

Váhrifavarnir vegna umhverfis : Losun úr loftræstingu eða vinnslubúnaði skal athuga til að tryggja að hún sé í samræmi við kröfur umhverfisverndarlöggjafar. Í sumum tilvikum eru gufuhreinsibúnaður, síur eða vélfræðilegar breytingar á vinnslubúnaðinum nauðsynlegar til að draga úr útblæstri þannig að hann sé viðunandi.

Ráðstafanir til að vernda einstaklinga

Hreinlætisráðstafanir : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar og áður en farið er á snyrtinguna við lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið föt, sem óhreinkast af efninu, fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hverrar starfsstöðvar.

Hlífðargleraugu/andlitsvörn : Nota skal öryggisgleraugu sem uppfylla staðla þegar áhættumat gefur til kynna að nauðsynlegt sé að forðast váhrif vegna vökvaslettna, úða, lofttegunda eða ryks. Ef möguleiki er á snertingu skal klæðast eftirfarandi hlífðarfatnaði, nema mat á aðstæðum bendi til þess að þörf sé á meiri vörn: öryggisgleraugu með hliðarhlífum.

Húðvörn

Handvörn : Nota skal efnaþolna hanska sem hleypa engu í gegnum sig og sem uppfylla viðkomandi staðla, alltaf þegar verið er að meðhöndla efnavörur, ef hættumat gefur til kynna að slíkt sé nauðsynlegt. > 8 klst. (gegnumbrotstími): Nítríl, að minnsta kosti 0,38 mm þykkt, eða sambærilegt hlífðarefni

CEN staðlarnir EN 420 og EN 374 veita upplýsingar um almennar körfur og gerðir hanska

Hlífðarbúningur : Velja skal persónuhlífar og hlífðarbúnað fyrir líkamann samkvæmt því verkefni sem leysa skal og þeirri áhættu sem það felur í sér og sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð.

Aðrar hlífar fyrir húð : Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér. Sérfræðingur þarf að samþykkja slíkt áður en varan er meðhöndluð.

Öndunarvörn : Veldu öndunargrímu sem uppfyllir viðeigandi staðal eða vottun, eftir hættu og hugsanlegum váhrifum. Öndunargrímur verða að vera notaðar í samræmi við öndunarverndaráætlun til að tryggja rétta ásetningu, þjálfun og aðra mikilvæga notkunarþætti. Ráðlagt: agnasía

Staðar evrópska staðlasambandsins (European Committee for Standardization (CEN)) EN 136, 140 og 405 veita upplýsingar um öndunargrímur og EN149 og 143 veita upplýsingar um filtera.

Váhrifavarnir vegna umhverfis : Losun úr loftræstingu eða vinnslubúnaði skal athuga til að tryggja að hún sé í samræmi við kröfur umhverfisverndarlöggjafar. Í sumum tilvikum eru gufuhreinsibúnaður, síur eða vélfræðilegar breytingar á vinnslubúnaðinum nauðsynlegar til að draga úr útblæstri þannig að hann sé viðunandi.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Ath: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar eru gefnir upp einungis vegna öryggis-, heilsu- og umhverfissjónarmiða og ekki er víst að þeir endurspegli eiginleika vörunnar að öllu leyti. Hafið samband við birgi til að fá nánari upplýsingar.

Aðstæðurnar fyrir mælingar á öllum eiginleikum eru við staðalhitastig og þrýsting nema annað sé tekið fram.

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Útlit

Eðlisfræðilegt form	:	Vökvi.
Litur	:	Ekki fyrirliggjandi.
Lykt	:	Einkenni
Lyktarmörk	:	Ekki fyrirliggjandi.
pH-gildi	:	Á ekki við.
Bræðslumark/frostmark	:	Ekki fyrirliggjandi.
Suðumark, upphafssuðumark og suðumarksbil	:	>315.56°C (>600°F)
Blossamark	:	Opin skál: >205°C (>401°F) [ASTM D-92]
Uppgufunarhraði	:	Ekki fyrirliggjandi.
Eldfimi	:	Eldfimt
Neðri og efri sprengifimi mörk	:	Neðri: 0.9% Efri sprengimörk: 7%
Gufuþrýstingur	:	<0.1 mm Hg [20 °C]
Afstæður eðlismassi gufu	:	>2 [Loft = 1]
Eðlismassi	:	0.867 [ASTM D4052]
Vatnsleysni	:	Óverulegur / hverfandi
Partition coefficient n-octanol/ water (log Pow)	:	>3.5
Sjálfsíkveikjuhitastig	:	Ekki fyrirliggjandi.
Niðurbrotshitastig	:	Ekki fyrirliggjandi.
Seigja	:	79.5 sentistók (cSt) [40 °C] [ASTM D 445] 11.9 sentistók (cSt) [100 °C] [ASTM D 445]

Einkenni agna

Miðstærð agna	:	Á ekki við.

9.2 Aðrar upplýsingar

Rennslismark	:	<-24°C [ASTM D97]
DMSO útdráttur (jarðolíur eingöngu), IP-364	:	<3 % af þyngd

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni : Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki : Varan er stöðug.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi : Við eðlilegar aðstæður geymslu og notkunar, munu hættuleg efnahvörf ekki eiga sér stað.

10.4 Skilyrði sem ber að varast : Það kviknar auðveldlega í efninu. Of mikill hiti.

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.5 Ósamrýmanleg efni : Sterkt oxandi efni

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni : Við tiltekin geymslu- eða notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um hættuflokka eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Bráð eiturhrif

Niðurstaða/Samantekt

Innöndun : Lágmarkseituráhrif. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Á húð : Lágmarkseituráhrif. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Um munn : Lágmarkseituráhrif. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Mat á bráðri eiturn

Vara/heiti innihaldsefnis	Um munn (mg/kg)	Á húð (mg/kg)	Innöndun (gös) (ppm)	Innöndun (gufur) (mg/l)	Innöndun (ryk og úði) (mg/l)
sink bis[o-(6-metýlheptýl)] bis[o-(afleitt-bútýl)] bis (díþíófosfat)	2500	N/A	N/A	N/A	N/A

Erting/æting

Niðurstaða/Samantekt

Húð : Veldur minniháttar ertingu á húð við herbergishita. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Augu : Getur valdið vægum, skamvinnum óþægindum í augum. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Öndunarfæri : Minniháttar hætta við notkun efnisins við herbergishita. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið.

Næming öndunarfæra eða húðar

Niðurstaða/Samantekt

Húð : Ekki talið valda ofnæmisviðbrögðum í húð. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Öndunarfæri : Ekki talið valda ofnæmisviðbrögðum í öndunarvegi. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið.

Stökkbreytandi áhrif

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda stökkbreytingum í kynfrumum. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Krabbameinsvaldandi áhrif

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda krabbameini. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Eiturhrif á æxlun

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda eituráhrifum á æxlun. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda skaða á líffærum vegna einnar stakrar áverkunar. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif

Vara/heiti innihaldsefnis	Flokkur	Marklíffæri
MOBIL GARDEN OIL 4T	Á ekki við.	-

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda skaða á líffærum vegna langtíma- eða endurtekinnar áverkunar. Engin gögn um endapunkt fyrir efnið. Byggt á mati á innihaldsefnum

Ásvelgingarhætta

Niðurstaða/Samantekt : Ekki talið valda hættu fyrir öndun. Byggt á eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum efnisins. Tiltæk gögn.

Upplýsingar um líklegar váhrifaleiðir : Ekki fyrirliggjandi.

11.2 Upplýsingar um aðra áhættuþætti

11.2.1 Eiginleikar sem hafa truflandi áhrif á innkirtla

Inniheldur engin efni sem vitað er að hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem hafa áhrif á heilsu manna

11.2.2 Aðrar upplýsingar

Inniheldur : Vel hreinsuð grunnolía: Ekki krabbameinsvaldandi í tilraunadýrum. Dæmigert skylt efni stenst IP-346 prófanir, Ames próf og/eða aðrar prófanir. Rannsóknir á innöndun efnisins og snertingu þess við húð sýndu að efnið hefði minniháttar áhrif: ósértæk íferð ónæmisfruma í lungu, myndun olíulags og myndun granulofruma. Reyndist ekki ofnæmisvaldandi í dýraprófunum.

Vara : Díselvélaolía: Ekki krabbameinsvaldandi í dýraprófunum. Endurtekin notkun notaðrar og ónotaðrar díselvélaolíu hafði ekki krabbameinsvaldandi áhrif á húð músa við prófanir. Olíur sem notaðar eru á bensínvélar geta orðið hættulegar og haft eftirfarandi eiginleika: Krabbameinsvaldandi í dýratilraunum. Valdið stökkbreytingum í in-vitro rannsóknum. Getur valdið ofnæmi. Getur valdið ofnæmi ef efnið er í snertingu við húð sem sólarljós skín á.

12. liður. Vistfræðilegar upplýsingar

Veittar upplýsingar eru byggðar á gögnum um efnið, efnisþætti þess eða svipuð efni, með því að nota brúunarreglur.

12.1 Eiturhrif

Niðurstaða/Samantekt

Bráð eiturhrif : Ekki talið skaðlegt vatnalífverum.

Langvinn eituráhrif : Ekki talið valda króníski eitrun vatnalífvera.

12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki : Efnisþáttur í grunnolíu -- Talið brotna auðveldlega niður í náttúrunni.

12.3 Uppsöfnun í lífverum

Niðurstaða/Samantekt : Efnisþáttur í grunnolíu -- Hefur eiginleika til að safnast upp í lífverum en efnaskipti eða eðlisfræðilegir eiginleikar geta dregið úr styrk þess eða takmarkað líftíma þess í náttúrunni.

12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki : Efnisþáttur í grunnolíu -- Talið skiljast að í botnfall og gruggugt vatn. Hefur lága leysni í vatni auk þess að geta flotið á vatni. Efnið er talið leita til lands úr vatni.

12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Þessi blanda inniheldur ekki þrávirk, eitruð efni sem safnast fyrir í lífverum (PBT) eða mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli (vPvB).

12.6 Eiginleikar sem hafa truflandi áhrif á innkirtla

Inniheldur engin efni sem vitað er að hafi innkirtlatruflandi eiginleika sem hafa áhrif á umhverfið

12. liður. Vistfræðilegar upplýsingar

12.7 Önnur skaðleg áhrif

Önnur skaðleg áhrif : Engin þekkt umtalsverð áhrif eða þekktar hættur.

13. LIÐUR: Förgun

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar. Nota skal listann yfir viðurkennda notkun í kafla 1 til að finna fáanlegar og sértækar upplýsingar um notkun sem settar eru fram í váhrifasviðsmyndum.

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Vara

Aðferðir við förgun : Forðast skal myndun úrgangs eða hún lágmörkuð allsstaðar þar sem kostur er. Förgun þessarar vöru, lausna og allra afleiddrar vöru skal á öllum tíma samræmast kröfum um umhverfisvernd og uppfylla löggjöf um förgun og úrgang og allar staðbundnar kröfur yfirvalda á hverjum stað. Förgun afganga og óendurvinnanlegra vara sem verktaki með leyfi til að farga úrgangi sér um. Ekki skal farga ómeðhöndluðum úrgangi í niðurfall nema slíkt standist kröfur allra dómbærra yfirvalda.

Hættulegur úrgangur : Já.

Úrgangsskrá Evrópu (EWC)

Úrgangskóði	Úrgangsflokkun
13 02 05*	Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu

ATHUGIÐ: Kóðarnir eru notaðir í samræmi við algengustu notkun efnisins og endurspegla ekki mengunarefni sem gætu myndast við notkun. Við notkun efnisins þarf að meta myndun úrgangsefna og mengunarhættu þeirra til þess að geta fargað þeim í samræmi við lög og reglugerðir.

Pökkun

Aðferðir við förgun : Forðast skal myndun úrgangs eða hún lágmörkuð allsstaðar þar sem kostur er. Endurvinna skal umbúðir úrgangs. Brennsla úrgangs og urðun hans skal einungis skoðuð þegar möguleikar á endurvinnslu eru ekki fyrir hendi.

Sérstakar varúðarráðstafanir : Forðist að dreifa efnaleka og afrennsli og forðist snertingu við jarðveg, vatnaumhverfi, niðurföll og ræsi. Viðvörun vegna tómra geymsluíláta (þar sem það á við): Tóm ílát gætu innihaldið efnaleifar og geta verið varhugaverð. Reynið aldrei að endurfylla eða hreinsa ílát án viðeigandi leiðbeininga. Notuð ílát á að tæma alveg og geyma á öruggum stað þar til þau eru undirbúin fyrir endurnotkun eða fargað á viðeigandi hátt. Tóm ílát skulu flutt til endurvinnslu, endurnotkunar eða förgunar með viðurkenndum aðilum og fara skal eftir opinberum reglugerðum þar að lútandi. SETJIÐ ÍLÁTIÐ EKKI UNDIR ÞRÝSTING, SKERIÐ, RAFSJÓÐIÐ, LÓÐIÐ, BORIÐ, MERJIÐ EÐA LÁTIÐ ÞAÐ KOMAST Í NÁMUNDA VIÐ HITA, ELD, NEISTA, STÖÐURAFMAGN EÐA ANNAÐ SEM KVEIKT GETUR ELD.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

	ADR/RID	ADN löggjöf	IMDG	IATA
14.1 UN-númer eða ID-númer	Fellur ekki undir reglugerðir.	Fellur ekki undir reglugerðir.	Fellur ekki undir reglugerðir.	Fellur ekki undir reglugerðir.
14.2 Rétt UN-sendingarheiti	-	-	-	-
14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutninga	-	-	-	-
14.4 Pökkunarflokkur	-	-	-	-
14.5 Umhverfishættur	Nei.	Nei.	Nei.	Nei.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda : **Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda:** flytjið efnið alltaf í lokuðum ílátum sem standa upprétt og eru tryggilega fest. Tryggið að starfsfólk sem flytur vöruna viti hvernig bregðast skal við við slys eða leka.

14.7 Búlkasjóflutningar samkvæmt mælingum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO). : Á ekki við.

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

ESB-reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)

XIV. viðauki - Listi yfir efni sem á eftir að heimila

XIV. viðauki

Ekkert innihaldsefnanna er skráð.

Efni sem gefa tilefni til áhyggna

Ekkert innihaldsefnanna er skráð.

XVII. viðauki - Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, markaðssetningu og notkun tiltekinna hættulegra efna, efnablandna og hluta : Engin.

Aðrar ESB reglugerðir

Forefni sprengifima : Á ekki við.

Seveso tilskipunin

Þessi vara fellur ekki undir Seveso tilskipunina.

Innlendar reglur

Birgðalisti

Skrá Ástralíu yfir efni (AIIC)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Birgðastaða í Kanada (DSL-NDSL)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Birgðastaða í Kína (IECSC)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Skrá fyrir Japan (CSCL)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Japanskur lager (Industrial Safety and Health Act)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Vöruskrá Nýja Sjálands yfir efni (NZIoC)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Skrá fyrir Filippseyjar (PICCS)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Skrá fyrir Kóreu (KECI)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Taiwan Chemical Substances Inventory (TCSI)	: Öll innihaldsefni eru skráð eða undanþegin.
Skrá fyrir Bandaríkin (TSCA 8b)	: Allir þættir eru virkir eða undanþegnir.

15.2 Efnaöryggismat : Þessi vara inniheldur efni sem enn er krafist að gerð séu efnaöryggismöt á.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Vísar í upplýsingar sem hafa breyst frá síðustu útgáfu.

Skammstafanir og upphafsstafir : ATE = Matsgildi bráðra eiturhrifa
CLP = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna [Reglugerð (EB) nr. 1272/2008]
DMEL = Afleidd lágmarksáhrifamörk
DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk
ESB-H setning = Hættusetning sem á við um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP-reglugerð)
N/A = Ekki fyrirliggjandi
PBT = Efni sem eru þrávirk, safnast upp í lífverum og eru eitruð
PNEC = Áætlaður styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg
RRN = REACH-skráningarnúmer
SGG = Aðgreiningarhópur (Segregation Group)
vPvB = Efni sem eru mjög þrávirk og safnast upp í lífverum í miklum mæli

Aðferð notuð við flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP/GHS]

Óflokkað.

Heildartexti styttra H-setninga

H315	Veldur húðertingu.
H318	Veldur alvarlegum augnskaða.
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]

Aquatic Chronic 2	LANGVINN EITURHRIF - 2. undirflokkur
Eye Dam. 1	ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING - 1. undirflokkur
Skin Irrit. 2	HÚÐÆTING/HÚÐERTING - 2. undirflokkur

Dagsetning útgáfu/ Dagsetning endurskoðunar : 9 Ágúst 2024

Dagsetning fyrri útgáfu : 29 Mars 2024

Útgáfa : 1.02

Kóði vöru : 201515206010_1226360

Athugasemd ætluð lesanda

"Upplýsingarnar og ráðlegingar sem koma fram í þessu skjali eru samkvæmt bestu vitund ExxonMobil. Þú getur haft samband við ExxonMobil til þess að tryggja að þetta skjal sé það nýlegasta frá Exxon Mobil. Upplýsingarnar og ráðleggingarnar eru ætlaðar notandandum til íhugunar og athugunar. Það er á ábyrgð notandans að fullvissa sig um að varan henti til tilætlaðrar notkunar. Ef kaupandi endurpakkar þessari vöru er það á ábyrgð notandans að tryggja að upplýsingar um skaðleg áhrif á heilsu manna, öryggi og aðrar nauðsynlegar upplýsingar séu á umbúðununum eða fylgi með þeim. Veita á þeim sem versla með vöruna og notendum hennar viðeigandi viðvaranir um örugga meðhöndlun vörunnar. Bannað er að breyta þessu skjali að hluta til eða í heilu lagi nema það varði við lög, endurútgáfu eða endursendingu. Hugtakið ""ExxonMobil"" er notað yfir öll fyrirtæki ExxonMObil Chemical company, Exxon Mobil Corporation eða önnur hlutafélög sem þeir eiga beint eða óbeint hluta í. "